

**Grunnskóli  
Hornafjarðar  
470 8400**



## **Fundargerð**

### 4. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2018-2019 26. feb. 2019 kl. 11:40 – 13:00 í Heppuskóla – stofu 8

**Fundarstjóri:** Þórgunnur Torfadóttir

**Fundarritari:** Anna Björg Kristjánsdóttir

Mættir: Anna María Harðardóttir, Salvör Dalla Hjaltadóttir, Margrét Kristinsdóttir, Gunnhildur Imsland, Kristín Hermannsdóttir Anna Björg Kristjánsdóttir, Fjóla Jóhannsdóttir, Elín Magnúsdóttir og Þórgunnur Torfadóttir.

#### **Dagskrá :**

1. **Niðurstöður könnunar um vetrarfrí í skólanum** – Helstu niðurstöður eru að Foreldrar- tæp 65% tóku þátt – sent var á 161 foreldri (bara sent einu sinni á hvert foreldri) 100 svöruðu. Spurt var: **Viltu að Grunnskóli Hornafjarðar setji vetrarfrí inn í skipulag sitt?**

Já sögðu 59% - eða 59

Nei sögðu 41% - eða 41

Samskonar könnun var gerð meðal starfsmanna. 48 tóku þátt.

Já sögðu 62,5 -eða 30

Nei sögðu 37,5 – eða 18

2. **Skóladagatal** – umræður um skóladagtalið út frá niðurstöðum um könnun um vetrarfrí. Ljóst er að almennur vilji er fyrir því að prófa vetrarfrí og því verða settir inn vetrarfrísdaga næsta vetur. Ekki búið að taka ákvörðun hvenær vetrarfrísdagar verða né hversu margir, en talað er um minnsta kosti 3 daga.
3. **Skólapúlsinn** - <http://gs.hornafjordur.is/media/pdf-sjalfsmat/6.-10.-bekkur-januar-2019.pdf> - farið yfir helstu niðurstöður. Eftir þessa könnun hafa 2/3 nemenda svarað. Flest allir þættir könnunarinnar koma betur út heldur en áður. Það eru helst þættir sem snúa að virkni nemenda sem mættu koma betur út. Umræður um lestur og bækur sem verið er að lesa í árgöngunum en áhugi á lestri virðist vera að dala einhverjum árgöngum. Skoðaðar tölur í sambandi við einelti og umræður um það.
4. **Fréttabréf skólans – forvarnarstarf – hugmyndir.** Í vetur hefur meiri áhersla verið lögð á að koma forvarnarskilaboðum til foreldra og nemenda í gegnum fréttabréfið. hvernig list skólaráði á þennan vettvang? Eigum við að halda þessu áfram? Er skólaráð með hugmyndir að forvarnarskilaboðum? Rætt um fréttabréf sem er að fara í loftið <http://gs.hornafjordur.is/media/annad/8.frettabref.3.tbl-13.arg-mars.-2019.pdf>. Þar

eru m.a. punktar frá landlæknisembættinu varðandi forvarnir sem snúa að tóbaki, áfengi og öðrum fíkniefnum en gilda um forvarnir yfirleitt. Rafrettunotkun er helsta áhyggjuefni skólans þegar kemur að tóbaki, áfengi og öðrum vímuefnum. Ekki komu fram neinar athugasemdir við að nota fréttabréfið undir forvarnir og foreldrafélagið einnig hvatt til að nýta fréttabréfið sem vettvang til að koma á framfæri fræðslu og skilaboðum. Undir þessum lið kom fram að Umhverfissamtök A-Skaft ætla að taka þátt í stóra Norræna strandhreinsunardeginum í byrjun maí og vilja þá nota fréttabréfið til að hvetja nemendur og foreldra til þátttöku. Þá eru umhverfissamtökin að fá fyrirlesara til sín sem ætlar að fjalla um matarsóun og annan sem ætlar að ræða um plast í fatnaði. Ef möguleiki er á þá verður skólanum boðið að vera með en þetta er einmitt efni sem fjallað hefur verið um innan skólans og væri gott að fá meiri fræðslu um. Spurning hvort megi koma því í fréttabréf og að reyna að fá nemendur með í þær umræður eða að fyrirlesarinn komi inn í skólann. Þá var skólanum boðið að koma meira að pokasaumi í pokastöðinni.

## 5. Önnur mál -

- a. Látið vita að í næstu viku verði næsti þáttur fræmkvæmda í Vöruhúsinu væntanlega boðinn út. Þá verður miðhæð Vöruhússins tekin í gegn sem þýðir að hefðbundin kennsla í textíl, myndmennt og smíðum fellur niður á meðan á framkvæmdum stendur, væntanlega frá apríl fram í október 2019.
- b. Ábending kom frá foreldrafélaginu varðandi símanotkun. Hvort skólinn væri að spá í að banna hana?. Þórgunnur fór yfir það að símar eru bannaðir í 1. – 6. bekk og leyfðir með vissum skilyrðum í 7. – 10. bekk. Farið hefði verið yfir stefnu skólans á fundum með foreldrum í byrjun skóla og foreldrar almennt verið sáttir. Stefna skólans er að ræða og fræða um símanotkun og hvetja nemendur til að velja það sem er gott fyrir þá frekar en að banna. Þá hefur verið lögð áhersla á að bjóða frekar upp á spennandi valmöguleika á móti í frímínútum frekar en að banna bara síma og flestum finnst það gott. Mikilvægt er að ræða um símanotkun á heildstæðan hátt ef farið verði í að banna símana þá verði að gera það í samráði við foreldra og nemendur. Meiri hluti foreldra verði þannig að vera á bak við bannið og vera reiðubúnir að halda sínum heima. Einn möguleikinn til að átta sig á því hvað foreldrar vilja er að senda út könnun meðal þeirra og taka stöðuna. Að lokum kom þó fram að líkt og í öðrum forvörnum leggur skólinn áherslu á að nota forvarnir sem byggja á fræðilegum grunni og enn hafa ekki verið lagðar fram rannsóknir sem segja að það eigi að banna nemendum símanotkun í skóla. Þá verður fróðlegt að sjá hverju fram vindur hjá þeim skólum sem nú eru að banna símanotkun og læra frekar af þeim þegar reynsla verður komin á það.
- c. Spurt var af hverju veikindadagar og leyfis dagar séu taldir saman þegar foreldrar fá bréf heim vegna fjarvista nemenda þar sem ekki er hægt að ráða við veikindi. Svarið var á þá leið að öll fjarveran geti haft áhrif á félagslega og námslega stöðu nemandans hvort sem hún er vegna veikindi eða leyfi. Þetta var útskýrt fyrir foreldrum í haust og síðast vor en það gæti verið þörf á að útskýra þetta aftur fyrir foreldrum.
- d. Næsti fundur 26. mars kl. 11:40. Á þeim fundi verður m.a. búið að taka saman fjarvistartölur og bera saman við fjarvistartölur frá því fyrir ári síðan. Þá verður skóladagatal næsta vetrar aftur tekið til umræðu.